

## *Grunneiningar SI-kerfisins*

### *Lengdareining.*

**1 Meter ( m )**

jafngildir þeirri vegalengd sem ljósið fer á  $1 / 299\,792\,458$  hluta úr sekúndu í lofttæmi. (skilgreining frá 1983)

### *Massaeining.*

**1 Kílógramm ( kg )**

er massi tiltekins sívalings úr blöndu af platínu og iridium sem geymdur er hjá Alþjóðlegu stofnuninni fyrir mál og vog í Sévres í Frakklandi. (skilgreining frá 1889)

### *Tímaeining.*

**1 Sekúnda ( s )**

jafngildir 9 192 631 770 sveiflutímum tiltekinnar rafsegulbylgju frá loftkenndu sesium-133 atominu. (skilgreining frá 1967)

### *Rafstraumseining.*

**1 Amper ( A )**

er sá rafstraumur sem þarf að fara um tvær örgrannar og óendanlega langar samsíða leiðslur í lofttæmi og í eins meters fjarlægð hvor frá annari til að hvor verki á hina með kraftinum  $2 \times 10^{-7}$  N á hvern lengdarmetra. (skilgreining frá 1948)

### *Varmafræðilegt*

### *reiknigildi hitastigs.*

**1 Kelvin ( K )**

er  $1 / 273,16$  hluti af varmafræðilegum þrípunktshita vatns. (skilgreining frá 1967) Alkul er við 0 K og jafngildir því  $273,16$  K =  $0^{\circ}\text{C}$ .

### *Ljósstyrkur*

**1 Kandela ( cd )**

er skilgreind þanning: Ljósstyrkur, í ákveðna átt, frá einlitum ljósgjafa með tíðnina 540 THz og með [geislunarstyrk](#)  $1/683$  vött á [rúmhorn](#) (W/sr) í gefna átt.

### *Mól*

**Efnismagn ( mol )**

er skilgreint sem sá fjöldi agna sem samsvarar fjölda [frumeinda](#)